

Grindavíkurbær  
Pétur Bragason  
Víkurbraut 62  
240 Grindavík

### Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Iceland

Ø (+354) 591 2000  
Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is  
[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Reykjavík, 11. september 2006

Tilvisun: UST20060800077/sf

## Deiliskipulag athafnasvæðis sunnan Melhóls í Grindavík

Vísað er til erindis Grindavíkurbæjar dags. 17. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um deiliskipulag athafnasvæðis sunnan Melhóls. Með erindinu fylgdi einnig tillaga að breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 2000-2020 þar sem aðalskipulaginu er breytt til samræmis við framangreinda deiliskipulagstillögu.

Deiliskipulagið nær til svæðis sem er sunnan við Melhól, ofan byggðar í Grindavík og austan Grindavíkurvegar. Það nær austur að Skógfellavegi og norður að gömlum efnisnánum. Skipulagssvæðið er alls 13,7 ha og er skipulagt sem athafnasvæði. Þar er gert ráð fyrir 8 lóðum undir hreinlega og umhverfisvæna starfsemi skv. greinargerð með deiliskipulaginu. Í greinargerðinni kemur m.a. fram að lögð er rík áhersla á að tekið verði fyllsta tillit til staðhátta, landslags og gróðurs, bæði hvað varðar vegagerð og staðsetningu lóða. Í því markmiði eru lóðir settar óreglulega í landið og sem mest á þegar röskuð svæði.

Skipulagssvæðið er á Sundhnúkahrauni sem er jarðmyndun sem fellur undir 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og skal því njóta sérstakrar verndar. Í stefnumótun íslenskra stjórnvalda til sjálfbærrar þróunar til 2020 (Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi) kemur m.a. fram að forgangsmál er að vernda jarðmyndanir og kerfi sem eru sjaldgæf eða óvenjuleg á heimsmæliksvarða, s.s. eldborgir og gígaraðir. Forgangsmál er einnig að vernda landslag og sérstæð fyrirbæri sem eru óvenjuleg í okkar heimshluta og einkennandi fyrir landið, t.d. hraun. Sundhnúkahrauni hefur nú þegar verið raskað að hluta til, auk þess sem mikil efnistaka hefur verið í Melhól, stærsta gíignum í gígaröðinni sem hraunið rann frá.


Umhverfisstofnun telur eðlilegt að við skipulag athafnasvæðis við Melhól verði miðað við að nýta sem best þau svæði sem þegar hefur verið raskað. Að mati stofnunarinnar færi betur á því að nýta veg sem liggur að efnistökustöðum í og við Melhól sem aðkomuveg að svæðinu fremur en að leggja nýjan veg yfir hraunið, þrátt fyrir að sá vegur liggi um svæði sem er á náttúrumínjaskrá (þ.e. svæði nr. 104, Sundhnúksröðin og Fagridalur). Jafnframt telur stofnunin að við skipulag athafnasvæðisins mætti nýta betur það svæði sem nú þegar hefur verið raskað sunnan við efnistökusvæðin. Vegna nálægðar athafnasvæðisins við

UST

Skógfellaveg, sem er hluti gömlu þjóðleiðarinnar milli Grindavíkur og Hafnarfjarðar og er merkt sem gönguleið á aðalskipulagi Grindavíkur, telur Umhverfisstofnun mikilvægt að framkvæmdum verði hagað þannig að þær hafi sem minnst áhrif á upplifun göngufólks.

Virðingarfyllst

  
Sigurrós Friðriksdóttir  
Fagstjóri

  
Helgi Jónasson  
forstöðumaður

Afrit: Skipulagsstofnun.